


Alþingi
Erindi nr. P 141/318
komudagur 2.10.2012

**Umsögn Stéttarfélags lögfræðinga á 173. þingmáli, frumvarpi til laga um um
breytingu á lögreglugögum nr. 90/1996 með síðari breytingum.**

Stéttarfélag lögfræðinga (SL) tekur að mestu leyti undir frumvarp til laga um breytingu á lögreglugögum nr. 90/1996, með síðari breytingum.

SL gerir alvarlegar athugasemdir við a. lið 4. gr. frumvarpsins þar sem segir; „Ráðherra setur, samkvæmt tillögu ríkissaksóknara, nánari reglur um stjórn lögreglurannsóknna og samvinnu lögrelustjóra við rannsókn sakamála“. SL telur algerlega ótækt að slík afdrifarík ákvörðun sem kveðið er á um í ákvæðinu sé í höndum ráðherra og án aðkomu hagsmunaaðila. Með þessu ákvæði í frumvarpinu getur ráðherra flutt stór verkefni milli lögreglusembætta og með slíkri ákvörðun flutt störf á milli landshluta algerlega einhliða. Slíkri einhliða ákvarðanatöku mótmælir SL algerlega. SL telur að eins viðamikilum breytingum og kveðið er á um ákvæðinu eigi að breyta með lagasetningu og þar með tryggja að lýðræði verði virt. Eitt af markmiðum fækkunar lögregluembætta er að hin nýju lögregluembætti verði öflugri og verður því ekki séð að nauðsynlegt sé að flytja til verkefni eins embættis til annars. Í öllu falli er það mat SL að varast beri mjög að framselja slíkt vald, sem getið er á um í a. lið 4. gr., til framkvæmdavaldsins.

Reykjavík, 1. nóvember 2012,



Alda Hrönn Jóhannsdóttir, formaður SL